

Ályktun um gerð loftslagsstefnu

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð Loftslagsstefnu fyrir Vestfirði. Loftslagsstefnan verði hluti af svæðiskipulagi sem markar m.a. meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða. Stefnan, ásamt markmiðum um samdrátt í losun og aukningu í kolefnisjöfnun og tilsvarendi aðgerðaáætlun, verði einn af lyklunum að sjálfbærri þróun á Vestfjörðum. Loftslagsstefnan verði unnin í samræmi við aðra áætlanagerð í umhverfismálum, eins og t.d. svæðisáætlun um úrgang.

Greinargerð

Frá árinu 2012 hafa gilt lög nr. 70/2012 sem kveða á um að sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu. Slíkt hefur þó ekki verið gert enn af neinu sveitarfélagi á Vestfjörðum. Mikilvægi loftslagsstefnu felst m.a. í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu, sem markmið og aðgerðaáætlunarhluti hennar ættu að tryggja. Stjórnvöld á Íslandi hafa sett sér markmið um að landið verði kolefnishlutlaust 2040, en ljóst er að það verður ekki nema með framlagi sveitarfélaganna. Auk þess að sporna við hamfarahlýnun, munu tækifæri felast í loftslagsstefnu með fjárfestingum í nýrri þekkingu og orkuinnviðum. Nú þegar vinna er að hefjast við gerð svæðisskipulags, er rétt að hefja gerð loftslagsstefnu og samtvinna hana a.m.k. að hluta skipulagsgerðinni.

Í vinnu við gerð loftslagsstefnu verði hlutverk umhverfisvottunarinnar Earth Check jafnframt skoðað.

Flutningsmenn: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga